



Umhverfisstofnun,
B.t. Sigurðar Ingasonar
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík



North Atlantic
Salmon Fund

Reykjavík, 19. september, 2014

Tilvísun: UST20140300084/si

Vegna: Kynningar á tillögu að starfsleyfi fyrir Ís 47 ehf.

Við þökkum bréf ykkar frá 12. september sl. vegna tillögu að starfsleyfi fyrir Ís 47 ehf.

Við viljum benda á að umrædd tillaga er hvergi nærri fullnægjandi til kynningar og umsagnar. Í tillögunna vantar nákvæma skilgreiningu á því hvað eigi að framleiða mikið af regnbogasilungi og hve mikið af þorski, ekki dugar að hafa það óskilgreint. Hættan á slyasleppingum er raunveruleg því að skv. heimildum okkar er regnbogasilungur nú þegar farinn að veiðast í á í Dýrafirði. Reynslan af regnbogasilungi er að hann gerir mikinn usla á hrygningarstöðvum villtra vatnafiska.

Regnbogasilungur á ekki heimkynni á Íslandi né í Evrópulöndum þar sem er slæm reynsla af honum í náttúrulegum vistkerfum. Þetta er fiskur sem á uppruna sinn í Norður Ameríku og á hvergi annars staðar að vera. Enn fremur bendum við á að allar grunnupplýsingar og þolprófanir vantar á vistkerfi Öndarfjarðar. Hafrannsóknarstofnun fyrirhugar að framkvæma slíkar prófanir á næstu árum fáist til þess aðstaða og fjármagn.

Við lauslega könnun sýnist dýpi Öndarfjarðar vera 20-24 metrar en venjulega þarf dýpi við sjóeldiskvíar að vera minnst 40 metrar. Í fjarðarkjaftinum þar sem dýpið er mest er það aðeins 31 – 34 metrar. Á slíku grunnsævi myndi matfiskurinn að verulegu leyti vaxa upp í menguðum sjó af úrgangi úr sjálfum sér.

Við venjuleg sjávarföll mun verða gífurlegt áreiti innan netalaga sem eigendur hlunninda sjávarjarða verða fyrir og því nokkuð víst að fjörðurinn er í alla staði óhentugur til fiskeldis.

Tillögunni eins og hún er fram sett er í fjölmörgum atriðum ábótavant og ekki er hægt að taka hana til alvarlegrar skoðunar. Í vor samþykkti Alþingi ný lög um laxeldi í sjó og á næstu mánuðum mun væntanlega koma fram ný reglugerð sem, samkvæmt fyrirmælum Alþingis, á að taka mið af vönduðum undirbúningi og ströngustu umhverfiskröfum m.a. með skírskotun til reglna í Noregi. Umrædd tillaga um starfsleyfi fyrir Ís 47 ehf. gengur í berhögð við þessi fyrirmæli Alþingis.

Með bestu kveðju,


Orri Vigfússon, formaður NASF